

## Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, miðvikudaginn 19. júní 2013 kl. 12:00 í fundarherbergi á 3. hæði í Gimli.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Salvör Nordal.

1. *Fundargerðir.* Fundargerð síðasta fundar lögð fram ásamt fundargerðum frá fundi 6. september og 15. nóvember. Fundargerðir samþykktar.
2. *Fjármál – staðan.* Forstöðumaður gerði grein fyrir fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Staðan hefur verið í járnnum síðustu ár en með aukinni starfsemi í kringum rannsóknarverkefni kemur fjárhagurinn til með að styrkjast til muna. Síðustu tvö ár hefur stofnunin fengið lítil sem engin mótframlög vegna styrkja en það mun breytast verulega á næsta ári.
3. *Samningur við Kirkjuráð.* Forstöðumaður og Irma Sjöfn funduðu með framkvæmdastjóra Kirkjuráðs vegna möguleika á endurnýjun samnings milli þeirra. Velvilji er innan Kirkjuráðs en vegna bágrar fjárhagsstöðu er óvíst um framhald málsins.
4. *Tilnefning í Vísindasiðanefnd.* Velferðarráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningu í Vísindasiðanefnd þar sem skipun núverandi nefndar rennur út um mánaðamótin. Salvör Nordal, sem verið hefur aðalmaður í nefndinni fyrir hönd Siðfræðistofnunar, gefur ekki kost á sér áfram. Samþykkt að tilnefna Henry Alexander Henrysson sem aðalmann í hennar stað og Helgu Þorbergsdóttur varamann eins og áður.
5. *Árbók HÍ.* Lögð fram skýrsla Siðfræðistofnunar fyrir Árbók Háskóla Íslands fyrir síðasta ár.
6. *Ársfundur í haust.* Rætt um möguleika á að halda ársfund Siðfræðistofnunar í haust. Stjórnarformaður verður í rannsóknarleyfi í Noregi til áramóta en verður hér í síðustu viku september. Til greina kemur að halda fundinn í þeirri viku.
7. *Rannsóknarverkefni.* Fjallað um stöðu einstakra rannsóknarverkefna.
  - a. Rannsókn um íslenskt lýðræði. Málstofa um verkefnið á Hugvísindapíngi heppnaðist mjög vel. Þá eru í undirbúningi útvarpsviðtöl við þátttakendur í verkefninu með Ævari Kjartanssyni á Rás 1 í sumar. Vilhjálmur verður meðstjórnandi þáttanna.
  - b. Nerri – Neuro-Enhancement: Responsible Research and Innovation – ESB. Verkefnið er hafið og greindi forstöðumaður frá upphafsfunði þess sem haldinn var í Portúgal í mars síðastliðnum og næstu skrefum.

- c. Cost – Disaster Bioethics: addressing ethical issues triggered by disasters. Rætt um stöðu þess.
  - d. Norrænt samstarfsnet um lífsiðfræði. Haldinn var vel heppnaður fundur í Riga nú í júní og er áætlað að netið haldi næsta fund sinn í Helsinki að ári.
  - e. Cost – Citizen’s Health through public-private Initiatives: Public health, Market and Ethical perspectives. Siðfræðistofnun tók þátt í umsókn um þetta verkefni og hlaut það styrk. Gert er ráð fyrir að það hefjist síðar á árinu.
  - f. Sjálfræði barna og heilbrigðisþjónusta. Siðfræðistofnun tók þátt í umsókn með Stofnun Ármanns Snævarr. Verkefnið fékk styrk og er gert ráð fyrir að þrjú meistaraneimar á sviði siðfræði, lögfræði og hjúkrunarfræði vinni það.
8. *Málþing og útgáfur*
- a. Hádegismálstofur um álitafni í heilbrigðisþjónustu í samstarfi við Læknadeild HÍ á vormisseri tókust mjög vel. Áhugi er á að halda samstarfinu áfram.
  - b. Siðfræði og samtími. Ræddar hugmyndir að nýjum bókum í ritröðinni, m.a. hugsanlega útgáfu meistararitgerða.
  - c. Rætt um aðrar hugmyndir að málþingum og fyrirlestrum, m.a. var áhugi á að stofnunin stæði að málþingum til að mynda á sviði náttúrusiðfræði og viðskiptasiðfræði.
9. *Næsti fundur.* Rætt um að halda stjórnarfund vikuna 23.–28. september ef hægt væri að koma því við.
10. *Önnur mál.* Stjórnarformaður sagði að Gunnar Ragnarsson hefði leitað til sín með þá beiðni að rit skoska heimspekingsins Johns Macmurray yrðu kynnt hér á landi. Gunnar sagði að Macmurray hefði haft mikil áhrif á sig þegar hann var í námi. Hugmyndin rædd og voru fundarmenn almennt á að reyna að verða við þessari beiðni Gunnars sem hefur verið afkastamikill þýðandi heimspekiverka og ætíð sýnt starfi þessara stofnana mikinn áhuga. Samþykkt var tillaga stjórnarformanns um að Jón Bragi Pálsson, B.A. yrði fenginn til að skrifa yfirlitsgrein um heimspeki Macmurrays í sumar og að Siðfræðistofnun legði fram 200 þús. krónur í því skyni.

Fundi slitið 13:45.